



Strandanornir í umræðu

Kennsluleiðbeiningar

Guðný Kristín Guðnadóttir

Lokaverkefni til B.Ed.-prófs

Kennaradeild



HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ

Strandanornir í umræðu

Kennsluleiðbeiningar

Guðný Kristín Guðnadóttir

Lokaverkefni til B.Ed.-prófs í grunnskólakennarafræði

Leiðbeinandi: Jón Yngvi Jóhannsson

Kennaradeild

Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2018

Strandanornir í umræðu

Ritgerð þessi er 10 eininga lokaverkefni til B.Ed.-prófs
í grunnskólakennarafræði við kennaradeild,
Menntavísindasviði Háskóla Íslands.

© Guðný Kristín Guðnadóttir 2018

Óheimilt er að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi
höfundar.

Prentun: Háskólaprent

Reykjavík, Ísland

Ágrip

Greinargerð þessi og kennsluleiðbeiningar eru lagðar fram sem lokaverkefni til B.Ed.-prófs við kennaradeild Háskóla Íslands. Unnið er með bókmenntakennslu fyrir mið- og unglíngastig. Lokaverkefnið skiptist í tvo hluta, annars vegar kennsluleiðbeiningar með skáldsögunni *Strandanornir* eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttur og hins vegar greinargerð sem fylgir þeim. Kennsluleiðbeiningarnar eru heildstæður námsþáttur sem hægt er að nota við vinnu með bókina frá upphafi til enda eða getur nýst sem hugmyndabanki fyrir kennara þegar kennsla er undirbúin. Markmiðið með gerð þeirra er að efla læsi nemenda í víðum skilning samkvæmt *Aðalnámskrá grunnskóla* (2013). Lögð er áhersla á lestraraðferðir þar sem allir lesa og aðferðir sem mynda umræður innan nemendahópsins. Verkefnið í heild sinni getur verið gagnlegur leiðarvísir fyrir kennara í bókmenntakennslu.

1 Efnisyfirlit

Ágrip.....	3
Formáli.....	7
1 Inngangur	8
2 Aðalnámskrá grunnskóla.....	9
2.1 Læsi.....	10
2.2 Lestur	10
2.3 Miðlalæsi.....	11
2.4 Markmið í tengslum við hæfniviðmið.....	11
3 Bókmenntakennsla	15
3.1 Bókmenntalestur	15
3.2 Lesið, spurt og spjallað.....	17
3.3 Spurningatækni.....	17
3.4 Miðlalæsi og kennsla	19
4 Lokaorð	20
Heimildaskrá	21
Kennsluleiðbeiningar.....	22
5 Inngangur	23
5.1 Uppsetningin.....	23
5.2 Undirbúningur kennslu	24
5.3 Bókin kynnt	24
5.4 Um lesturinn	25
5.5 Umhugsunar og ítarefni á meðan lestri stendur	26
5.6 Útskýringar.....	26
6 Formáli – Strandflug.....	28
6.1 Umræður.....	28
6.2 Netið	28
6.3 Staðarheiti.....	29
7 Fyrsti kafli - Dagur hinna dauðu.....	30
7.1 Umræður.....	30
7.2 Umræðuvinna og netið.....	30
7.3 Netið	31
8 Annar kafli - Plastflöskupvottapeysugerðarvél.....	32

8.1 Umræður.....	32
9 Þriðji kafli - Ámundi og grátkonan	33
9.1 Umræður.....	33
9.2 Verkefni.....	33
9.3 Staðarheiti.....	33
10 Fjórdi kafli - Mögnuð sending.....	34
10.1 Umræður.....	34
10.2 Staðarheiti.....	34
10.3 Vísur	35
11 Fimmti kafli - Ástargaldur.....	36
11.1 Umræður.....	36
11.2 Staðarheiti.....	36
12 Sjötti kafli - Bílsjúki draugurinn-Ennis-Móri	37
12.1 Umræður.....	37
12.2 Netið	37
12.3 Staðarheiti.....	38
13 Sjöundi kafli - Drykkfelda eyðsluklóin Helga	39
13.1 Umræður.....	39
13.2 Netið	40
13.3 Staðarheiti.....	41
14 Áttundi kafli - Verksmiðjugaldur	42
14.1 Umræður.....	42
14.2 Staðarheiti.....	42
15 Níundi kafli - Veðurgaldur	43
15.1 Umræður.....	43
15.2 Staðarheiti.....	43
16 Tíundi kafli - Helluleppaprjónanornin	44
16.1 Umræður.....	44
16.2 Netið	44
17 Ellefti kafli - Far niður fýla	46
17.1 Umræður.....	46
17.2 Verkefni.....	46
17.3 Netið	47

18 Tólfti kafli - Finnur finnst.....	48
18.1 Umræður.....	48
19 Þrettánda kafli - Magnaðir strandamenn.....	49
19.1 Umræður.....	49
19.2 Umhugsunarefni	49
20 Verkefni.....	50
20.1 Verkefni 1.....	50
20.2 Aukaverkefni 1	51
20.3 Aukaverkefni 2	52
20.4 Aukaverkefni 3	54
20.5 Aukaverkefni 4	55

Formáli

Þegar ég byrjaði í náminu, var því strax ýtt að nemendum að hafa hugann alltaf við áhugavert efni til lokaverkefnis. Ég hafði þetta alltaf á bak við eyrað og það var í námskeiðinu Íslenskukennsla í grunnskóla sem ég fann fyrir miklum áhuga fyrir kennslu bókmennta. Eftir stóð að finna réttu bókina sem ég vildi fjalla um, ég vissi strax að ég vildi útbúa kennsluleiðbeiningar og er ég ánægð með val mitt.

Ég vil þakka fjölskyldu minni fyrir frábæra aðstoð við gerð þessa verkefnis, þá sérstaklega, eiginmanni, tengdforeldrum og systur minni en án þeirra hefði þetta verkefni ekki komist á blað. Einnig vil ég þakka Jóni Yngva Jóhannssyni leiðsögukenndara mínum fyrir góða punkta, upplýsingar og þolinmæði.

Þetta lokaverkefni er samið af mér undirritaðri. Ég hef kynnt mér *Síðareglur Háskóla Íslands* (2003, 7. nóvember, <http://www.hi.is/is/skolinn/sidareglur>) og fylgt þeim samkvæmt bestu vitund. Ég vísa til alls efnis sem ég hef sótt til annarra eða fyrri eigin verka, hvort sem um er að ræða ábendingar, myndir, efni eða orðalag. Ég þakka öllum sem lagt hafa mér lið með einum eða öðrum hætti en ber sjálf ábyrgð á því sem missagt kann að vera. Þetta staðfesti ég með undirskrift minni.

Reykjavík, 7. maí 2018

Guðný Kristín Guðnadóttir (sign.)

1 Inngangur

Góð bók er gulls ígildi. Að fá að fræða nemendur um bókmenntir er merkilegur þáttur í starfi hvers kennara. Það er dýrmætt að geta upplifað bækur í gegnum aðra, að skipuleggja sig til að halda nemendum við efnið af áhuga og að njóta þess að geta tengt ólíkar kennsluaðferðir saman. Góða bók er hægt að glæða enn meira lífi þegar hún kemur inn í vel undirbúna kennslu, sögupersónur fá gagnrýna umfjöllun, álitamál eru rædd og ólíkar skoðanir koma fram. Skáldsagan *Strandanornir* eftir Kristínu Helgu Gunnardóttur hefur upp á allt þetta að bjóða. Þetta er sérstaklega skemmtileg bók sem er gædd töfrum í raun og ávallt hefur lesandinn eitthvað til að bíða eftir við lesturinn.

Bókmenntakennsla er eitt af þeim fögum úr grunnskóla sem gleymist ekki en eldri kennsluaðferðir ýttu oft minna undir áhuga nemenda og vinnuframlag en nýrri aðferðir. Það er mikilvægt að hafa hug og hjörtu nemenda að leiðarljósi við kennslu eins og kostur er; til hvers að kenna ef þú hefur nemendur ekki með þér?

Kennarar eiga greiðan aðgang að alls kyns kennslufræði rannsóknum ef þeir leita eftir þeim. Auðvelt getur verið að finna nýjar aðferðir og sjá hverjar virka; ef kennarar finna þær ekki á íslensku þá eru þær jafnvel til frá öðrum löndum. Það á að vera megináhersla kennara að halda nemendum áhugasömum í námi.

Hér á eftir er greinargerð sem fylgir kennsluleiðbeiningum sem gerðar eru út frá bókinni *Strandanornir* eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttur. Kennsluleiðbeiningarnar eru útlistun á hverjum kafla í bókinni þar sem kennarinn fær í hendur hugmyndir að því hvernig hægt sé að vinna hvern kafla fyrir sig með nemendum. Einnig koma fyrir verkefni sem hægt er að leggja fyrir nemendur sem koma inn á ýmis ólík svið bókarinnar með fjölbreyttum aðferðum.

Kennsluaðferðir við lestur bókarinnar eru fjölbreyttar en aðalmarkmið kennslunnar er að hún nái til nemenda og að þeir efli læsi sitt í víðum skilning. Mikilvægt er að kennari fangi athygli nemenda sinna til að kennslan beri þann árangur sem stefnt er að. Í kennsluleiðbeiningunum er lagt upp með lestraraðferðir, spurninga- og umfjöllunaraðferðir ásamt því að grípa inn í aðrar aðferðir sem henta hverju sinni. Í aðalhlutverki eru þó aðferðir Vaughn, Bos og Schumm úr *Teaching students who are exceptional, diverse, and at risk in the general education classroom* (2014) með áherslu á lestur, andrúmsloft í kennslu og aðkomu kennarans. Ásamt aðferðum Ingvars Sigurgeirssonar úr *Litrófi kennsluaðferðanna* (2013) eins og umræðu- og spurnaraðferðir, lesið spurt og spjallað og innlifunaraðferðir og tjáning, ásamt aðferðum Fisher og Frey í *Improving adolescent literacy: Content area strategies at work* (2012) varðandi upplestur.

2 Aðalnámskrá grunnskóla

Aðalnámskrá grunnskólanna er unnin með grunnþætti menntunar að leiðarljósi. Þeir eru: læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, og jafnrétti og sköpun. Nemendur í leik- og grunnskólum Íslands eiga að hljóta menntun sem byggist upp á aðalnámskrá þar sem grunnþættirnir eru undirstaðan. Hver skóli vinnur með kennurum sínum að því að láta námið standa undir þeim viðmiðum sem sett eru fram í námsskrám. Markmið grunnþáttanna snúa að því að gera einstaklinga virka í samfélaginu bæði á líkamlegan og andlegan hátt, móta framtíðarsýn og að einstaklingar verði sjálfbjarga í lífinu (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013: 16-18).

Þetta eru stórir og veigamiklir þættir sem geta litið út fyrir að vera flóknir þegar kemur að því að miðla þeim til nemenda. Kennari þarf að rýna vel í inntak þeirra til að gera sér fyllilega grein fyrir hverjum þætti. Kennarar eru jafnvel margir að vinna með ólíka bókmenntakennslu getur kennari til dæmis velt upp jafnrétti kynjanna og hvernig staða þeirra er, með þær umræður fyrir augum er hægt að fjalla um mannréttindi og lýðræði, hvernig þessir þættir koma fyrir í bókum og hvort að þar birtist sama sýn og þekking í raunveruleikanum.

Bækur geta spannað vítt svið námsgreina sem hægt er að miðla til nemenda ef lagt er upp með þá hugsjón, svo sem íslenskt ritmál, lestur, sagnfræði, náttúrufræði, landafræði og samfélagsfræði. Bókina *Strandanornir* eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttir er hægt að nota á fjölbreyttan hátt með fleiri en einn grunnþátt að leiðarljósi, mjög auðvelt er til dæmis að samtvinna læsi, lýðræði og mannréttindi, og jafnrétti og sköpun inn í kennslu á henni. Samþætting er oftast en ekki auðveldari til útfærslu heldur en ef setja þyrfti hverri grein og grunnþætti sínar skorður. Það er mikilvægt fyrir menntakerfið að hver skóli fari eftir aðalnámskrá og uppfylli þær kröfur sem menntamálaráðuneytið setur þar fram til að heildarsýn grunnskóla í landinu sé sú sama.

Aðalnámskrá grunnskóla (2013: 43) kveður á um að skólakerfið taki við öllum nemendum og ber skólum því að veita hverjum nemanda þá menntun sem þörf er á. Fjölbreytileiki nemenda er mikill. Þetta á við um nemendur með sérþarfir; til dæmis andlegar, líkamlegar og námstengdar, og einnig þá nemendur sem eiga erfitt uppdráttar eða nemendur sem standa mjög framarlega í náminu. Kennara ber skylda til að veita nemendum sínum kennslu sem aðlöguð er að hverjum fyrir sig og fellur það undir vinnuramma hvers kennara að útfæra kennsluefnið fyrir þá hverju sinni. Með fjölbreyttum námsleiðum verður námsmat einnig að vera fjölbreytt og taka þarf mið af hverjum og einum ásamt nemendahópnum í heild (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013: 55). Grunnskólar

hafa hag nemenda sinna fyrir augum og er þeirra helsta markmið að nemendur ljúki skólagöngu sinni með hæfni til að geta tekist á við áframhaldi menntun.

2.1 Læsi

„Á íslensku hefur „læsi“ lengst af merkt það að þekkja stafina og geta lesið sér til gagns, þótt flestir hafi vitað að skilningur á texta getur stundum verið margvíslegur“ (Kristján Jóhann Jónsson, 2013: 12).

Læsi sem grunnþáttur snýst um að geta lesið í þær aðstæður sem lífið býður upp á hverju sinni. Læsi hafði áður eingöngu þá merkingu að geta lesið prentað mál og skilið það. Þá var mun takmarkaðri skilningur lagður í læsi en fræðimenn hafa sett fram ólíkar skilgreiningar þess á grundvelli rannsókna. Læsi fjallar einnig um málnotkun og hvernig hún er notuð í samfélaginu, til dæmis í ritun, tæknimiðlum og verkunnáttu. Einstaklingar skilja jafnvel sömu hluti á ólíkan hátt sem orsakast af reynslu og aðstæðum hvers og eins (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013: 18-19).

Læsi er og verður með veigamestu þáttum í lífi hvers og eins, þá sérstaklega í því víða samhengi sem nú tíðkast að setja læsi í. Það er jafnvel svo, að erfitt er að greina hversu yfirgripsmikill ramminn utan um það er. Mikilvægt er þó, að gera greinarmun á læsi og skilningi, þessir þættir eru ekki þeir sömu en þurfa hvorn annan til stuðnings (Brynhildur Þórarinsdóttir og Kristján Jóhann Jónsson, 2017: 26-27).

2.2 Lestur

Lestur einn og sér er aðferð sem lífgar stafi við, fyrst með því að tengja þá saman og mynda orð sem síðan verða setningar. Lestur samkvæmt Cain (2010: 2-3) felst í að samstillja þekkingu og hæfni, þegar lesin eru orð þarf að skilgreina þau til að geta sett þau í raunverulegar setningar með rétttri merkingu. Að lesa og mynda samhengi út frá eigin hugsun flokkast undir lesskilning og er það nauðsynlegur þáttur á leið hvers og eins til að verða læs. Samkvæmt *Aðalnámskrá grunnskóla* (2013: 98-99) er eitt af markmiðum lestrarkennslu að nemendur geti áttað sig á tilgangi lestrar og lestrarfærni. Mikilvægt er að nemendur öðlist sjálfstæði í eigin lestarnámi með vali á lesefni eftir áhuga og að þeir geri sér grein fyrir tengslum lesturs við áframhaldandi menntun.

Bókmenntir tengja nemendur við menningararf Íslendinga ásamt því að veita þeim innsýn og fræðslu um ólíka menningarheima og aðstæður annarra. Eins og fram kemur í *Aðalnámskrá grunnskóla* (2013: 99) felst menningararfur Íslendinga mikið í bókmenntum og því best fyrir nemendur að kynnast honum þar. Þannig styrkja þeir sig sem persónur og hljóta einnig kennslu til að sýna umburðarlyndi gagnvart annarri menningu.

2.3 Miðlalæsi

Mikilvægt er að vera fullfær um að setja fram eigin hugsanir, geta skapað eftir eigin höfði og áttað sig á heiminum eins og hver og einn sér hann, eftir lestur á þeim miðlum sem geyma upplýsingar. Það er mikilvægur þáttur náms að einstaklingar öðlist miðlalæsi sem þeir geta notað við þekkingarsköpun og við mat á efni (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013: 19).

Að vera læs í dag felst í fleiru en því að geta lesið bækur og blöð. Hver og einn þarf að vera læs á samfélagið í heild og til þess að uppfylla þær kröfur er mikilvægt að efla einnig það sem hægt er að kalla stafrænt læsi, eða læsi á stafræna miðla í öllum myndum. Sú spurning hefur verið sett fram hvað falli undir þess konar læsi. Til dæmis er hægt að telja upp þá færni sem einstaklingur hefur til þess að nota ólík táknerfi ásamt því að hafa miðla til að koma eigin sköpun á framfæri (Stefán Jökulsson, 2012: 21).

Lífi einstaklinga í dag er að miklu leyti stjórnað af tækni og er því mikilvægt að vera eins vel að sér í þeim málum og unnt er. Tölvur í alls kyns formum eru orðnar nemendum vel þekktar og þar af leiðandi er óhjákvæmilegur þáttur í menntun að fræða þá og gera þá læsa á þessa tækni. Þetta eru mjög viðamiklir flokkar þar sem inni í tölvunni eru mörg ólík viðfangsefni sem getur oft verið erfitt að lesa í gegnum. Kennslan þarf því að gera nemendur viðbúna við hinum ýmsu aðstæðum sem þau geta lent í innan rafræna heimsins. Sú færni sem nemendur þurfa að kunna til að halda sér vel á floti á okkar tíma snýst ekki einungis um að geta lesið á rafrænu formi heldur einnig að þeir geti nýtt sér tæknina til samskipta, svo sem félagslega, til náms og atvinnu.

Samskipti eru stærsti þátturinn í tölvuvæðingunni í náminu; til að geta stýrt nemendum inn á þær leiðir sem þörf er á þurfa kennarar að vera færir í nútíma-lestri og skrift, og geta gert sér grein fyrir því hvað hentar hverjum og einum út frá skilningi og reynslu. Þeir þurfa einnig að þekkja vel til ólíkra tjáningarforma til dæmis hugarkorta, mismunandi prentmáls og kvikmynda, geta gert greinarmun á æskilegum og óæskilegum miðlum, geta sýnt fram á og notað samskiptamál sem ýtir nemendum til fjölbættrar hugsunar um rafræna hljóð- og myndmiðlun, ásamt því að geta ýtt undir samvinnu (Stefán Jökulsson, 2012: 21-22).

2.4 Markmið í tengslum við hæfniviðmið

Markmið kennsluleiðbeininganna er að efla og þróa læsi nemenda eins og fram hefur komið. Hæfniviðmið *Aðalnámskrár grunnskóla* (2013: 102-103) eru ítarlega útlistuð, en þar er gerð grein fyrir þeim áföngum sem nemendur eiga að hafa náð innan lesturs og bókmennta í námi sínu að loknum 4., 7. og 10. bekk. Þar sem kennsluleiðbeiningarnar eru

settar upp með nemendur á miðstigi til unglíngastígs í huga er lögð áhersla á þau hæfniviðmið aðalnámskrár sem nemendur við lok 7. bekkjar eiga að hafa náð valdi á.

Í kennsluleiðbeiningunum er lestur bókarinnar settur upp þannig að nemendur eiga að lesa bókina með kennara; bæði upphátt fyrir alla í bekknum og í hljóði hver fyrir sig. Eftir lesturinn er unnið með efni hvers kafla á þann hátt að kennari kemur með spurningar til að hefja umræðu innan bekkjarins og er þátttaka nemenda grunnskilyrði. Nemendur eru að nota þekkingu sína þegar kemur að lestrinum, skilning á textanum og orðaforðanum. Ásamt því að efla lestrarhæfni sína, geta þeir lagt mat á textann út frá eigin skilningi og greint öðrum frá honum, sem er eitt af hæfniviðmiðum í *Aðalnámskrá grunnskóla* (2013: 102).

Áður en lestur hefst eru mikilvæg atriði sem gott er fyrir kennarann að hafa í huga og í kafla 2.3 í kennsluleiðbeiningunum getur kennari fundið hugmyndir að áhugaverðum leiðum til að vinna með bókina áður en hún er lesin. Til dæmis er ein leiðin sú að leggja fyrir nemendur verkefni 1 sem er í kafla 20.1; þar vinna nemendur á skapandi hátt með kaflaheitin án þess að hafa þekkingu á sögunni sjálfri. Þetta eitt getur ýtt undir áhuga nemenda til lesturs bókarinnar, ásamt því að við lok hvers kafla hefur hver nemandi tækifæri til að deila sinni upplifun og skoðunum á textanum eins og fram kemur í hæfniviðmiðum *Aðalnámskrá grunnskóla* (2013: 102) en þar eiga nemendur að vera komir á það stig að geta lesið bókmenntir af eigin frumkvæði og ánægju og geta greint frá eigin upplifun af textanum.

Í kennsluleiðbeiningunum fær kennari ólíkar leiðir uppgefnar við lestur á bókinni, í upphafi hvers kafla er skilgreind sú lestraraðferð sem lagt er upp með að sé notuð í hvert skipti. Þessar leiðir eru: 1. að kennari lesi upp fyrir nemendur, 2. að nemendur lesi hver fyrir sig í hljóði, 3. að kennari byrji lesturinn og síðan lesi nemendur til skiptist upphátt, 4. að kennari skipti bekknum upp í nokkra hópa þar sem nemendur lesi fyrir hvorn annan, 5. að kennari lesi upphátt úr bókinni til að byrja með og nemendur lesi síðan í hljóði það sem eftir er af kaflanum og 6. skipulagður upplestur. Þessar aðferðir snúast í aðalatriðum um upplestur bæði hjá kennara og nemendum. Í framhaldi af lestrinum fjalla nemendur um efni textans sem var lesinn í umræðum innan bekkjarins og þar sýna þeir fram á skilning sinn á efninu og gera grein fyrir honum, eins og þeim ber að hafa getu til samkvæmt *Aðalnámskrá grunnskóla* (2013: 102), en þar er lögð áhersla á að nemendur séu færir um að nota ólíkar lestraraðferðir sem efla skilning þeirra og geri þeim kleift að fjalla um efnið.

Þegar bókinn *Strandanornir* er lesin eftir kennsluleiðbeiningunum eru nemendur að vinna með ólík frásagnarform þó lestur barnaskáldsögunnar sé í forgrunni. Sagan fer með lesandann um víðan völl til dæmis í kafla 13 í kennsluleiðbeiningunum er lesið ljóð og rætt

innan bekkjarins. Einnig kemur fyrir veran *tilberi* í kafla 13.2 og þegar unnið er með þessa veru er farið á netið og leitað upplýsinga um hana, meðal annars úr Þjóðsagnasafni Jóns Árnasonar. Þarna getur kennarinn lesið um veruna fyrir nemendur en sagan á netinu er með flóknu orðalagi og setningamyndun sem nemendur sjá varla í nýrri bókmenntum. Samkvæmt *Aðalnámskrá grunnskóla* (2013: 102) eiga nemendur að geta lesið ólíkar bókmenntir, svo sem ljóð, þjóðsögur, og nýjar og gamlar bókmenntir sem bæði höfða til barna og unglinga, ásamt því að geta greint ólík frásagnarform. Nemandi eflir eigin færni í öllum þessum þáttum, þegar unnið er með kennsluleiðbeiningar við *Strandanornir*. Einnig vinna nemendur með ólík frásagnarform, bæði í lestri og umræðu án þess þó að greina þau sérstaklega.

Í hæfniviðmiðum *Aðalnámskrá grunnskóla* (2013: 102) er lagt upp með að nemendur hafi náð færni í bókmenntahugtökum svo sem tíma, boðskap, sögusviði og sjónarhorni. Þessa þætti er unnið með í verkefnum kennsluleiðbeininganna. Í kafla 9.2 er verkefni þar sem nemendur eiga að skrifa lýsingu á ferðinni norður á Strandir eftir sjónarhorni persónu að eigin vali úr bókinni. Einnig er aukaverkefni eitt í kafla 20.2 þar sem nemendur eiga að skapa sín eigin hugarkort út frá bókinni. Þar koma fyrir hugmyndir sem kennarinn gefur þeim upp sem forsendur fyrir innihaldi hugarkortsins til dæmis aðalpersónur, sögusviðið, tíminn og boðskapurinn. Þarna þurfa nemendur að vinna með bókmenntahugtökin á markvissan hátt sem getur aukið skilning þeirra á hverju hugtaki fyrir sig.

Í kafla 10.3 í kennsluleiðbeiningunum er unnið með vísur úr sögunni og þar setur kennarinn fram vísu sem nemendur eiga að vinna með. Þar vinna þeir með bragarhátt hennar, ljóðstafi, rím og boðskap, ásamt því að fjalla um innihald hennar í tengslum við efni sögunnar. *Aðalnámskrá grunnskóla* (2013: 102) gerir ráð fyrir því að nemendur hafi náð færni á þessum sviðum þegar unnið er að bragfræði. Einnig fá nemendur frjálssar hendur við sköpun á eigin vísu í samræmi við efni bókarinnar.

Eitt af hæfniviðmiðum *Aðalnámskrár grunnskóla* (2013: 102) í lestri og ritun snýr að færni nemenda til að afla sér upplýsinga úr rafrænum miðlum. Þar eiga þeir að geta lesið ólíkt efni sér til skilnings, geta greint það, lagt mat sitt á það og notað það við verkefnavinnu. Þessa þætti er farið inn á í kennsluleiðbeiningunum og þar eru lögð fyrir ýmis netverkefni. Þar leiðbeinir kennari nemendum við leit á netinu til þess að dýpka skilning þeirra á vissum þáttum innan bókarinnar, ásamt því að tengja bókina við raunveruleikann. Í kafla 7.3 er til dæmis verkefni þar sem nemendur eiga að leita sér upplýsinga á netinu um *dag hinna dauðu*. Nemendur eru búnir að velja þessum degi fyrir sér í umræðum eftir lestur kaflans og með því að nota netið til upplýsingaöflunar geta þeir fengið betri sýn á þennan dag. Kennari leiðbeinir þeim til dæmis hvaða leitarvef sé

heppilegt að nota og hvaða leitarorð geti gefið þeim góðar upplýsingar. Kennarinn þarf að fræða þá um hvernig eigi að nota netið til slíkra verka. Síðan þarf hver kennari að taka mið af þekkingu nemendahópsins og reynslu þeirra við netleit varðandi hversu mikla aðstoð þeir þurfi við þessa vinnu.

3 Bókmenntakennsla

Bókmenntum er mikilvægt að huga vel að, sérstaklega þegar fjallað er um læsi í samfélaginu. Kennslan getur haft áhrif á mörg svið íslenskukennslunnar, til dæmis lestur, skrift, tjáningu, orðaforða, sköpun og aukna færni í málnotkun (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013: 97). Við lestur bókmennta þurfa nemendur að tengja við eigin þekkingarheim og við það þróa þeir með sér nýja þekkingu við lestur texta. Þeir þurfa að mynda sér skoðanir á efninu, geta áttað sig á efni textans, vera gagnrýnir við lesturinn og geta gert sér grein fyrir þeim breytingum, sem geta átt sér stað í þeirra huga við lesturinn, ásamt því að huga ávallt að eigin skilningi (Kristján Jóhann Jónsson, 2013: 16).

Skilningur einstaklinga á bókmenntum getur verið jafn ólíkur og einstaklingarnir eru margir. Textinn gefur alltaf upp meira en stendur í honum í raun og hver lesandi les á milli línanna út frá eigin reynslu og þekkingu. Það er forsenda þess að ólíkar bækur eru gefnar út, en þær eru til dæmis sniðnar að skilningi ólíkra aldurshópa, svo sem barna- og unglingabækur (Kristján Jóhann Jónsson, 2013: 15).

Bókmenntakennsla er stór partur af íslenskunámi og því er mikilvægt að hafa kennsluna fjölbreytta og áhugaverða til að nemendur njóti námsins og það skilji eftir sig sem mest í hugum þeirra. Kennari velur að mestu leyti sjálfur hvernig hann vinnur að bókmenntakennslu sinni og hefur hver og einn sinn háttinn á. Kennsluaðferðir sem henta til bókmenntakennslu eru margar en hér verða nokkrar þeirra útlistaðar. Aðferðirnar sem gerð eru skil hérna eru notaðar í kennsluleiðbeiningunum.

3.1 Bókmenntalestur

Við lestur á bókmenntum er hægt að fara margar leiðir en taka verður mið af hverjum nemendahópi fyrir sig. Mikilvægur þáttur við lestur er að kennari greini nemendum frá þeim markmiðum sem lagt eru upp með áður en lestur hefst. Samkvæmt Vaughn, Bos og Schumm (2014: 393-394) getur verið gott að virkja fyrri þekkingu nemenda, fá nemendur til að hugsa um hvað efnið muni fjalla um og hvað þeir munu læra af því, áður en farið er að lesa. Einnig að láta nemendur velta fyrir sér efninu út frá þeim upplýsingum sem lagðar eru fyrir þá, sem einskonar forspá. Slík vinna er til dæmis sett upp í kennsluleiðbeiningunum í kafla 5.3, en þar er nemendum bent á að spá í bókina einungis eftir að hafa séð bókarkápuna, án þess þó að sjá nafn hennar. Þá geta þeir komið fram með hugmyndir um efni hennar eða jafnvel nafn. Þetta er aðferð sem lögð er fyrir áður en nánari kynning á bókinni hefst. Þannig fær kennari nemendur til að vinna í þankahríð og kennari tekur á móti hugmyndum nemenda með því að skrifa þær upp á töflu. Kennari þarf að skipuleggja hana þannig að hverjum og einum finnist óhætt að segja það sem

hann vill, að allar hugmyndir um efnið eigi rétt á sér. Síðan er hægt að ræða hugmyndirnar þegar allir hafa komið sínu á framfæri (Ingvar Sigurgeirsson, 2013:118).

Þegar lesnar eru bókmenntir með nemendum getur til dæmis verið áhrifaríkt að lesa upphátt fyrir nemendur til að byrja lesturinn. Í *Improving adolescent literacy* vitna Fisher og Frey (2012: 58-59) í Erikson þar sem hann greinir frá því að upplestur geti verið mjög áhrifaríkur fyrir lestrarþroska yngri nemenda ásamt því að ýta undir áhuga nemenda sem vilja síður lesa. Kennsluleiðbeiningarnar taka mið af því að kennari sé í flestum tilfellum með í lestrinum, hann les suma kafla upphátt fyrir nemendur en þeir þurfa einnig að taka þátt í lestrinum. Eins og sjá má í kafla 5.4 í kennsluleiðbeiningunum, þar sem lestur bókarinnar er útskýrður, er lagt upp með að kennari byrji upplestur á bókinni og síðan taki nemendur við. Einnig koma fyrir kaflar þar sem kennari les allan kaflann upphátt og aðrir kaflar þar sem nemendur lesa einungis hver fyrir sig. Hugmynd að lestri hvers kafla kemur fyrir í upphafi. Þar er reynt að taka mið af efni kaflans og lengd, sérstaklega ef nemendur eiga að lesa hver fyrir sig.

Þegar upplestraraðferð er notuð er einnig mikilvægt að sjá viðbrögð nemenda við lestri kennarans og finna aðferðir til að nemendurnir fái sem mesta fræðslu. Upplestur getur til dæmis leitt til þess að nemendur sem hafa slakari lestrargetu nái að fylgja betur eftir í lestri, nái að fylgjast með í tímum og ræða um efni bókarinnar sem væri að öðrum kosti of erfið yfirlestrar fyrir þá (Vaughn, Bos og Schumm, 2014: 390).

Upplestur einn og sér er mjög ganglegur en á vissum tímum geta nemendur misst athygli og því er mikilvægt að breyta til inn á milli. Í kafla 11 í kennsluleiðbeiningunum er lesturinn gerður að upplestrarverkefni fyrir nemendur og kennara. Þar fær hver nemandi sinn textabút úr kaflanum og þarf að lesa hann eftir vissri aðferð. Aðferðirnar eru þrjár og allar er hægt að skilgreina út frá leikrænni tjáningu sem fellur undir *Innlifunaraðferðina* sem Ingvar Sigurgeirsson fjallar um í *Litrófi kennsluaðferðanna* (2013: 127-130). Undir hana falla upplestaræfingar og leiklestur sem báðar eru skilgreindar sem tal- og framsagnaræfingar. Leikræn tjáning er markviss kennsluaðferð þar sem kennarinn þarf að vera partur af hópnum og sýna fordæmi ásamt þátttöku sinni í verkefninu (Ingvar Sigurgeirsson, 2013: 133).

Í kennsluleiðbeiningunum er lagt upp með að kennari taki þátt í lestrinum með nemendum og umræðunum eftir lesturinn. Kennarinn sjálfur er einn af stærri þáttum kennslunnar og því betur sem hann ber sig að við hana, því meiri árangur ber kennslan. Samkvæmt Ingvari Sigurgeirssyni (2013: 19-21) er framkoma kennara mikilvægur þáttur í kennslu. Kennari þarf að hafa áhuga á kennslunni og nemendunum og þeir þurfa að sýna raunverulegan áhuga á áhuga á efninu. Þetta getur haft mikil áhrif þegar kemur að áhuga

nemenda til að tjá sig í umræðum því þeir eru fljótir að átta sig á því hvort kennarinn er áhugasamur.

3.2 Lesið, spurt og spjallað

Kennsluaðferðina *Lesið, spurt og spjallað* eða *samlestur* eins og hún er kölluð er hægt að nota við bókmenntakennslu. Í þessari aðferð eru nemendur látnir lesa texta sem kennari er búinn að skipta upp fyrir þá og á meðan lesturinn á sér stað þá stoppar kennari af og til lesturinn og spyr út í efnið í formi samræðna með nemendum. Kennarar virðast nota þessa aðferð á ólíkan hátt en misjafnt getur verið hvernig þeir útfæra umræðu hlutann í þessari aðferð (Ingvar Sigurgeirsson, 2013: 97). Í kennsluleiðbeiningunum er lagt upp með að umræður komi í kjölfarið á lestri hvers kafla en hver kennari vinnur umræðurnar ein og hentar hverjum nemendahópi, til dæmis með því að hafa umræðurnar fléttaðar inn í lesturinn.

Ingvar Sigurgeirsson (2013: 97) vísar í rannsókn Rasinski og Mraz þar sem þessi aðferð kemur ekki vel út hvorki fyrir nemendur sem eru getuminni, þar sem þeir upplifi erfiðleika við upplestur fyrir hópinn, né öflugri nemendur sem finnst þetta óspennandi, nema þá stund sem þeir eru sjálfir að lesa upp. Þessa aðferð er þó vel hægt að nota í bókmenntakennslu á jákvæðan og áhrifaríkan hátt ef undirbúningur og skipulag er haft að leiðarljósi. Aðferðin þarf ekki að vera hugsuð ein og sér heldur er hægt að tengja hana við aðrar aðferðir svo sem innlifunaraðferðina eins og gert er í kafla 11 í kennsluleiðbeiningunum. Kennari þekkir nemendur sína best og veit við hverju er hægt að búast af hverjum og einum, þannig á að vera auðvelt að átta sig á hverjum ætti að úthluta léttari texta og hverjum erfiðari. Samræður innan hópsins myndast í byrjun út frá spurningum kennara en þróast síðan áfram þannig að sem flestir taki virkan þátt. Jafnvel verða einhverjir einstaklingar sem taka lítinn sem engan þátt. Það getur stafað af mörgum ástæðum en það er hlutverk kennarans að átta sig á því, finna hver ástæða þess er og koma til móts við þá.

Það er einnig gott fyrir kennara að einskorða umræður ekki um of við ákveðið efni; það getur ýtt undir áhuga hjá nemendum ef unnið er út frá fjölbreyttum sjónarhornum. Það er því mikilvægt fyrir kennara að setja sér ekki of einhæf markmið fyrir kennslu heldur sífellt reyna að efla sköpunargáfu nemenda með efni sem ögrar hugsun þeirra á sem fjölbreyttastan hátt (Ingvar Sigurgeirsson, 1999: 28).

3.3 Spurningatækni

Þegar lagðar eru fram spurningar óskar kennari eftir svörum eða umræðum.

Spurningarnar geta verið af ýmsum toga. Sumar eru notaðar til að leita eftir þekkingu

nemenda, aðrar snúast frekar um að halda nemendum við efnið með því að efla áhuga þeirra og einnig koma fram spurningar sem sérstaklega eru lagðar fram til að mynda umræður (Ingvar Sigurgeirsson, 2013: 39). Í kafla 7.2 í kennsluleiðbeiningunum koma fyrir spurningarnar: „Hafið þið áður heyrt um dag hinna dauðu?“ og „Hafið þið áður heyrt um veisluhöld til heiðurs dánnum ættingjum, vinum og kunningjum?“. Báðar spurningarnar krefjast þess að nemendur rýni í eigin hug og þær eru einnig til þess gerðar að halda áhuga því eitt af verkefnum þeirra í tengslum við spurningarnar er að fara á netið og leita sér frekari upplýsinga um þessa þætti með áframhaldandi umræður um þær að leiðarljósi.

Nemendur þurfa að vera virkir í tímum og taka þátt í þeirri kennslu sem fram fer. Þá skiptir einnig máli hvernig andrúmsloftið er og hvernig kennarinn ber sig að í umræðum. Í *Teaching students who are exceptional, diverse, and at risk in the general education classroom* vitna Vaughn, Bos og Schumm (2014: 345) í Dillon sem heldur því fram að hlutverk kennarans sé að vera hvetjandi umræðustjóri, á þann hátt að aðstoða þegar þörf er á að skerpa á efnistöfum ásamt því að fylgjast með að allir hafi rétt til þess að tjá skoðanir sínar.

Samkvæmt Ingvari Sigurgeirssyni (2013: 39) eru mörg atriði sem skipta sköpum í umræðuvinnu. Kennarinn þarf að huga að orðalagi spurninga þannig að nemendur skilji hvað átt sé við og hafa spurningar ekki of viðamiklar þannig að þær valdi ekki misskilningi. Ef einhver ein spurning hefur meira vægi í umræðunni en aðrar getur verið gott að varpa henni upp á töflu þannig að hún sé í sviðsljósinu. Nemendur þurfa að fá svigrúm til að umræðurnar komist almennilega af stað á milli þeirra og til þess þarf kennarinn að stíga að mestu leyti til hliðar en ávallt sýna að hann hafa fullan áhuga á efninu (Ingvar Sigurgeirsson, 2013: 40). Samkvæmt Vaughn, Bos og Schumm (2014: 345) heldur Bean því fram að markmiðið sé að fá nemendur í líflegar umræður með góðri þátttöku. Þannig eflist nemendur og reyni að tengja lærdóminn við eigin reynsluheim.

Í kennsluleiðbeiningunum er þetta stór þáttur; að efla vitund nemenda með spurningum frá kennara sem opna fyrir öflugar umræður þar sem nemendur eru í sviðsljósinu, vegna þess að kennari hefur byggt upp áhuga þeirra fyrir efninu. Í hverjum kafla eru hugmyndir að spurningum fyrir kennara til að byrja umræður eða til að koma með þráð inn í þær til að halda þeim áfram. Til dæmis í kafla 7 eru spurningar varðandi galdra í sögunni: „Hvað myndu þið halda ef þið fréttuð að einhver bekkjarfélagi ykkar gæti galdrað?“ og „Hvernig haldið þið að samfélagið okkar myndi taka á því?“ Þar þurfa nemendur að hugsa út frá sjálfum sér og þeirra samfélagi og koma með málefnaleg svör við þeirri spurningu sem mynda síðan umræður meðal þeirra. Kennari þarf að meta nemendahóp sinn vel og reyna að kortleggja hvaða spurningar vekja áhuga þeirra og

hverjar þeirra virðast slá botninn í umræðurnar. Til að halda áhuga nemenda væri til dæmis hægt að koma fram með spurningu eins og kemur fyrir í kafla 12 í kennsluleiðbeiningunum: „*Hvað gerist þegar óði ökumaðurinn hefur farið fram úr þeim? Hafið þið lent í sambærilegum aðstæðum?*“. Þarna er verið að fara inn á efnið en einnig að láta nemendur hugsa út frá sjálfum sér. Þegar svona spurningar koma fram getur kennarinn einnig bætt við þær, jafnvel ef fjallað hefur verið nýlega um glæfralegan akstur í fjölmiðlum.

3.4 Miðlalæsi og kennsla

Í bókmenntakennslu í dag er jafnvel hægt að fara lengra með efnið heldur en bókin sjálf býður upp á. Hinn stafræni heimur er sístækkandi og verður sífellt auðveldara að fræðast um allt milli himins og jarðar. Samkvæmt *Aðalnámskrá grunnskóla* (2013: 228) er lögð áhersla á að nemendur geti nálgast, aflað, skapað og unnið úr upplýsingum af netmiðlum í tengslum við annað nám.

Kennarar geta unnið með nemendum á fjölbreyttan hátt þegar kemur að miðlalæsi. Í kennsluleiðbeiningunum eru viss verkefni sem sérstaklega falla að miðlalæsi, þá í þeirri mynd að fara nánar út í vissa þætti sögunnar ásamt því að tengja hana við raunveruleikann sem nemendur þekkja. Í kafla 6 kemur til dæmis fram spurningin „*Hvað eru skottur og mórar?*“. Út frá henni er verkefni þar sem nemendur eiga að leita að upplýsingum um þessar verur á netinu. Kennari þarf að leiðbeina nemendum, bæði til að kenna þeim að nota leitarvefi og að aðstoða þá á rétta braut við leitina. Nemendur eru með þessu bæði að efla færni sína í að leita að atriðum með markvissum hætti eins og lagt er upp með að nemendur geti samkvæmt hæfniviðmiðum um upplýsingaöflun og úrvinnslu í *Aðalnámskrá grunnskóla* (2013: 227). Einnig eru þeir að tengja bókina sjálfa við raunveruleikann sem þeir þekkja.

Kennari hefur ýmsa möguleika þegar unnið er með kennsluleiðbeiningarnar og í þeim eru tiltekin verkefni sem unnin eru á netinu eftir umræður eða meðan á þeim stendur. Kennari getur metið nemendahóp sinn út frá umræðunum og tekið ákvörðum um að leita sér frekari upplýsinga um aðra þætti innan sögunnar. Netið hefur upp á ýmsa möguleika að bjóða sem vert er að nota. Til dæmis í kafla 12.2 er verkefni þar sem nemendur fara inn á netið og eiga að athuga hversu langt sé frá Staðarskála til Hólmavíkur. Í þessu tilviki þarf kennarinn að leiðbeina þeim hvar þeir geti fundið slíkar upplýsingar. Þegar þeir hafa fundið út úr þessu er auðvelt fyrir kennarann að fara lengra með verkefnið og nota aðra staði sem hafa komið fyrir í bókinni til að vinna með á sama hátt.

4 Lokaorð

Að útbúa kennsluleiðbeiningar með bók hefur endalausa möguleika og sú leið sem greint hefur verið frá hér var valin í tengslum við bókina *Strandanornir*. Áhugasvið þess sem býr til leiðbeiningar eins og þessar skín í gegnum þær aðferðir sem notaðar eru. Það liggur í augum uppi að vinna á gagnvirkan hátt með nemendum er leið sem vel er hægt að útfæra á árangursríkan hátt bæði fyrir nemendur og kennara.

Bókin *Strandanornir* er full af möguleikum til kennslu og þessar kennsluleiðbeiningar eru einungis ein af þeim leiðum sem hægt er að fara. Í þeim er lögð mikil áhersla á lesturinn og áframhaldandi vinnu kennara og nemenda við efnið. Í greinargerðinni eru kennsluleiðbeiningunum gerð fræðileg skil, þar er greint frá þeim aðferðum sem notaðar eru við lesturinn og vinnunni við efni hennar og hvernig best er að lesa bókina þannig að bæði kennarinn og nemendurnir séu jafn mikið inni í lestrinum. Þráðurinn í gegnum kennsluleiðbeiningarnar eru tengslin og samspilið milli kennara og nemenda þar sem kennarinn er ávallt með án þess þó að vera í brennidepli. Hann kemur nemendum af stað í umræðu sem hann síðan fylgist með og kemur með punkta eða spurningar þegar við á. Aðferðirnar við umfjöllunina á efninu, svo sem þessar fjölmörgu spurningar, eru hjálpartæki í umræðuvinnunni sem á sér stað í gegnum kennsluleiðbeiningarnar.

Áhersla er lögð á upplestur með nemendum en Frey og Fisher fjalla um hversu góður hann sé fyrir lestrarþroska sem er mikilvægur þáttur í námi hvers og eins. Það er líka tengingin við nemendur, þegar allir eru að taka þátt í lestrinum saman eða þegar kennarinn les fyrir nemendum, sem getur ýtt undir skilning og áhuga þeirra. Aðferðirnar sem Ingvar Sigurgeirsson skilgreinir í *Litróf kennsluáðferðanna* (2013) koma sterkar inn í þá kennslu sem lagt er upp með þegar þær eru notaðar saman eins og lagt er upp með í kennsluleiðbeiningunum.

Verkefnið mun nýtast vel í kennslu, hvort sem valið er að kenna kennsluleiðbeiningarnar í heild sinni eða einungis nýta visst efni eða hugmyndir upp úr þeim. Þar sem kennslan er sett upp sem markvissar umræður gefur það kennaranum ávallt aukið svigrúm til að vinna með efnið. Þessar stöðugu kveikjur til að halda áhuga nemenda á efninu veitir bæði kennara og nemendum frekari umræðuefni þar sem hver nemandi fær að komast á hugarflug og dreifa eigin þekkingu og skoðunum.

Heimildaskrá

- Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011: Greinasvið 2013 /2013.
- Brynhildur Þórarinsdóttir og Kristján Jóhann Jónsson. (2018). Lestur og læsi. Í Kristján Jóhann Jónsson og Ásgrímur Angantýsson (ritstjórar), *Íslenska sem námsgrein og kennslutunga* (bls. 26-79). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Cain, K. (2010). *Reading development and difficulties*. Chichester, West Sussex: BPS Blackwell.
- Fisher, D. og Frey, N. (2012). *Improving adolescent literacy: Content area strategies at work* (3. útgáfa). Boston: Pearson.
- Ingvar Sigurgeirsson. (1999). *Að mörgu er að hyggja* (3. útgáfa). Reykjavík: Iðnú.
- Ingvar Sigurgeirsson. (2013). *Litróf kennsluaðferðanna* (2. útgáfa). Reykjavík: Iðnú.
- Kristján Jóhann Jónsson. (2013). Skapandi lestur: Skilningur og túlkun. *Skíma*, 36(1), 12-17. Sótt af <http://www.modurmal.is/pdf/skima2013.pdf>
- Stefán Jökulsson. (2012). Læsi: Grunnþáttur í menntun á öllum skólastigum. Í Aldís Yngvadóttir og Silvía Guðmundsdóttir (ritstjórar ritraðar), *Ritröð um grunnþætti menntunar*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Námsgagnastofnun.
- Vaughn, S. R, Bos, C. S og Schumm, J. S. (2014). *Teaching students who are exceptional, diverse, and at risk in the general education classroom* (6. útgáfa) New Jersey: Pearson Education, Inc.

Kennsluleiðbeiningar

Þar er unnið út frá bókinni *Strandanornir* eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttur. Bókin útlustuð með kennara í huga sem leiðbeiningar að kennslu hennar. Hugmyndabanki fyrir kennslu eða heill námsþáttur sem hægt er að vinna útfrá.

5 Inngangur

Kæri kennari

Mundu að þú varst einu sinni nemandi og reyndu ávallt að hafa það hugfast að kennarinn veit ekki alltaf best. Þú værir ekki kennari ef þú hefðir ekki nemendur til að kenna og því er nauðsynlegt að sýna þeim ávallt þá virðingu sem þú vilt að þeir sýni þér. Vonandi nýtast þér þessar hugmyndir að vinnu með og við bókina *Strandanornir*. Að kenna börnum að njóta bókmennta og hafa áhuga á að velta sér upp úr innihaldi þeirra er gulls ígildi fyrir alla og þá einna helst kennara sem sér nemendur ljóma af eftirvæntingu og sækjast eftir meiru. Mundu að hafa gleðina að leiðarljósi við þessa vinnu og njóttu með nemendum.

5.1 Uppsetningin

Þessar kennsluleiðbeiningar eru settar upp sem heildstæður námsþáttur með bókinni *Strandanornir* eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttur. Leiðbeiningarnar eru settar upp með það fyrir augum að vera hugmyndabanki fyrir kennarann þegar kemur að kennslu bókarinnar. Þær byrja á undirbúningi fyrir lesturinn og hvernig gott sé að hátta honum bæði fyrir kennara og nemendur. Þar er sett fram hugmynd að því hvernig sé skynsamlegt að kynna nemendum bókina og vinna með hana áður en lestur hefst og hvernig sé hægt að hefja lesturinn og standa að honum.

Lagt er upp með að hver kafli sé lesinn og síðan unnið út frá honum í framhaldi lesturs. Hverjum kafla er skipt niður og þar er að finna hugmyndir að umræðuspurningum þar sem aðaláherslan í þessum námsþætti fellur að sameiginlegum og opnum umræðum nemenda og kennara, þar sem nemendur eru í aðalhlutverki. Kennarinn á að nýta sér punktana til að byrja umræður, koma inn í með hugmyndir þegar þörf er á og vekja umhugsun um þau málefni sem mikilvægt er að fjallað sé um.

Mismunandi verkefni koma fyrir eftir köflum, netverkefni koma oft fyrir þar sem iðulega er hægt að láta þau falla að umræðunum eða nota þau sem stök verkefni. Staðarheiti sem koma fyrir eru talin upp sem hjálpartæki fyrir kennarann bæði í undirbúningi fyrir kennslu og við hana.

Í lok kennsluleiðbeininganna koma fyrir verkefni sem kennari getur nýtt sér bæði fyrir lestur bókarinnar og eftir hann. Þetta eru stök verkefni sem kennari getur nýtt sér eða notað til að fá hugmyndir að öðrum verkefnum.

5.2 Undirbúningur kennslu

Við undirbúning kennslu bókarinnar *Strandanornir* eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttur er margt sem mikilvægt er að huga að og einna helst undirbúningurinn sem kennarinn sjálfur þarf að leggja vinnu í.

Mikilvægt er fyrir kennarann að setja sig í spor nemenda þegar hann sjálfur hefur lestur á bókinni og punkta hjá sér þá þætti sem hann sér fram á að vinna út frá.

5.3 Bókin kynnt

Gott getur verið að byrja vinnu með bókina á þankahríð.

Áður en að bókin er kynnt er hægt að leggja fyrir nemendur verkefni 1, sem kemur fyrir í kafla 17.1 í kennsluleiðbeiningunum. En það fjallar um kaflaheiti bókarinnar og skapandi vinnu í kringum þau.

Kennarinn setur blað yfir nafn bókarinnar og sýnir nemendum myndina af kápunni, ef einhverjir nemendur kannast við eða þekkja bókina og nafn hennar biður kennarinn þá nemendur um að bíða og leyfa öðrum að skoða og svara áður en þau fá að deila því með bekknum.

Í framhaldi af því að nemendur skoða myndina af kápunni spyr kennari nemendur hvað þeir geti ímyndað sér að bókin fjalli um og síðan skrifar kennari hugmyndir frá nemendum upp á töflu.

Þegar hinar ýmsu hugmyndir eru komnar fram biður kennari nemendur um að velta einnig fyrir sér hvað bókin gæti í raun heitið og síðan skrifar kennari það einnig upp á töflu.

Þegar þessi þankahríð er búin, leggur kennari niður bókina og fer að vinna með nemendum í að setja saman þær hugmyndir sem þeir hafa lagt til málanna.

Kennari ræðir við nemendur um þeirra hugmyndir um bókina og innviði hennar, punktar hjá sér og geymir þær upplýsingar sem fram hafa komið frá nemendum.

Kennari útskýrir fyrir nemendum að markmiðið sé að efla læsi þeirra og það sé gert með lestri bókarinnar og vinnunni við bókina sjálfa. Þekking þeirra á öðrum þáttum eflist einnig því í köflunum er komið inn fleiri þætti, til dæmis landafræði. Sagan spannar visst ferðalag og hægt er að nýta þá landfræðilegu punkta til að efla þekkingu sína á landinu. Einnig koma fyrir þjóðþekkt fyrirbæri og þjóðsögur í ferðalaginu sem unnið er frekar með í flestum tilfellum.

Kennari biður nemendur um að hafa alltaf við höndina stílabók og skriffæri því bæði við lesturinn og eftir hvern kafla sé mikilvægt að punkta hjá sér og þegar lesturinn hefst muni þau fá frekari leiðbeiningar sem þau þurfa að punkta hjá sér við áframhaldandi lestur.

5.4 Um lesturinn

Þegar þessum vangaveltum er lokið reynir kennari að útbúa afslappað umhverfi í kennslustofunni, til dæmis með því að dempa ljósin, fá nemendur til að setjast í hring á gólfinu eða leggjast á gólfið ef pláss leyfir. Mikilvægt er að nemendur komi sér vel fyrir. Það getur til dæmis skapað slakandi stemmingu að kveikja á kerti. Þegar búið er að útbúa þessar aðstæður hefur kennari lestur á bókinni. Kennarinn getur útbúið svona aðstæður inn á milli í lestrinum eða alltaf ef hægt er en stundum henta aðrar aðstæður betur. Mikilvægt er að meta hvern nemendahóp þegar kennslustund er undirbúin.

Ekki er ætlast til að kennari lesi alla bókina fyrir nemendur en það er lagt upp með að hann taki þátt í lestrinum með nemendum. Kennari les fyrsta kafla bókarinnar og saman les svo bekkurinn annan kafla. Kennari sér hvort að hægt er að láta nemendur lesa til skiptist eða skipta bekknum upp í litla hópa þar sem nemendur skiptast á að lesa hver fyrir annan. Uppsetning lestursins í hverjum kafla er hugmynd sem hver kennari verður síðan að aðlaga að sínum nemendahóp.

Eftir þennan lestur fá nemendur áætlun um lestur í bókinni. Mikilvægt er að kennari geri nemendum grein fyrir því að þeir þurfi að standast áætlun til að hægt sé að vinna markvisst í tímum upp úr því efni sem búið er að lesa.

Kennari þekkir nemendahóp sinn vel og þurfa því lestrarkröfurnar að vera í samræmi við hann. Kennari þarf að gera sér grein fyrir hvaða nemendur eiga erfitt með lestur og koma til móts við þá eftir þeirra þörfum. Æskilegast er að allur nemendahópurinn taki þátt í

lestrinum og verkefnum tengd bókinni. Mikilvægt er að sýna nemendum stuðning og kanna ávallt hvernig lesturinn gangi þó svo unnið sé að öðru.

Fyrir þá nemendur sem líklegt er að nái ekki að lesa heima og halda í við hópinn í lestrinum væri upplagt fyrir kennara að lesa upp hvern kafla fyrir sig inn á myndband og veita þeim nemendum aðgang að upptökunum. Ákjósanlegast er þó að gera þá kröfu til nemenda að þeir reyni að lesa sjálfir eða fylgi bókinni eftir við hlustun á upptökunum. Þessi leið getur verið tímafrek fyrir kennara en með þessari aðferð er hægt að koma til móts við þá nemendur.

5.5 Umhugsunar og ítarefni á meðan lestri stendur

Skipulag er mikilvægt bæði fyrir nemendur og kennara og það er hlutverk kennarans að aðstoða nemendur við utanumhald á námi sínu. Það getur hann til dæmis gert með því að undirbúa nemendur áður en lestur hefst, bent á hvaða þætti sé gott að horfa í við lesturinn og hvað sé gott að skrifa hjá sér, ásamt því að vekja nemendur til umhugsunar um það efni sem þeir eiga að lesa og aðstoða þá við að rýna í efnið eftir lesturinn.

Hver nemandi á að hafa hjá sér „orðablað“ fyrir alla bókina, skipt niður eftir köflum. Nemendur eiga að punkta hjá sér ef það eru einhver orð eða orðasambönd sem þau skilja ekki við lesturinn til að hægt sé að hjálpast að við útskýringar á þeim.

Hver nemandi á að hafa sér „persónublað“ þar sem hann skrifar hjá sér þær persónur sem koma fyrir í bókinni og setja niður stutta en hnitmiðaða lýsingu sem við á. Síðan er alltaf hægt að bæta inn í lýsinguna á meðan lestrinum stendur þegar fleiri atriði koma í ljós um hverja persónu.

Kennari þarf að biðja nemendur að vera vakandi fyrir áhugaverðum smáatriðum sem gaman væri að ræða betur með hópnum.

5.6 Útskýringar

Hér fyrir neðan eru útskýringar á þeim hugtökum sem koma fyrir í hverjum kafla:

- **Netið:** Þar fá nemendur leiðbeiningar frá kennara um leit á netinu sem síðan er unnið með eða einungis leitað eftir ákveðnum upplýsingum sem falla að efni bókarinnar.

- Orðskýringar: Kennarinn biður nemendur um að segja sér ef þeir hafi skrifað hjá sér einhver orð sem þá vantar frekari útskýringar á. Ef einhver hefur spurningar um orð þá ræðir kennari um orðið í samvinnu við hópinn.
- Persónur: Persónurnar sem koma fyrir í bókinni eru dregnar fram og kennari minnir nemendur á að skrifa hjá sér á „persónublaðið“. Kennarinn aðstoðar þau við upphaf bókarinnar en minnir þau jafnframt að þetta sé eitthvað sem sé mikilvægt fyrir þau að gera á meðan lestri stendur því þetta sé í raun uppflettirit fyrir þau.
- Staðarheiti: Þarna eru talin upp öll þau staðarheiti sem fram koma í bókinni. Í hvert sinn sem ný bætast við eru þau tilgreind í þeim kafla. Kennari ákveður hvort eða hvernig hann sér fyrir sér að nota þau. Í sumum köflum eru hugmyndir að því hvernig væri sniðugt að vinna með staðarheitin.
- Umræður: Í hverjum kafla er umræðudálgur þar sem búið er að setja fram ýmsar staðreyndir og hugmyndir sem kennari getur nýtt sér til að koma af stað umræðum eða samræðum við nemendur.
- Umræðuvinna: Kennari og nemendur vinna út frá umræðum.

6 Formáli – Strandflug

- ❖ Kennari les upp fyrir nemendur.

Kennarinn veltir upp með nemendum hvort eða hvernig byrjun bókarinnar falli að þeim hugmyndum sem þeir hafi þegar komið fram með.

Kennarinn ræðir strax um innihald kaflans við nemendur.

6.1 Umræður

- Flýgur stelpa í bókinni?
- Hvað eru skottur og mórur? (Netið)
- Hvað og hvar eru galdrastrandir? (Netið)

6.2 Netið

1. Ef nemendur eru óvissir með skilgreiningu á til dæmis skottum og mórur, er tilvalið að hvetja þau til að leita sér upplýsinga sjálf á netinu.
 - Kennari getur bent nemendum á að nota leitarorðið mórur og skottur í google, þá kemur t.d. <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=12740> með lýsingu á þessum verum og lokaverkefni inn á <https://skemman.is/bitstream/1946/21687/1/Mo%CC%81rar%20og%20skottu.r.pdf> um móra og skottur.
2. Nemendur leita sér upplýsinga um galdrastrandir s.s. Strandirnar.
 - Kennari getur bent á leitarorðið galdrastrandir en þá er líklegast að upp komi grein af <https://www.mbl.is/greinasafn/grein/762577/> þar sem gert er grein fyrir bókinni *Strandanornir* sem þeir eru að vinna með. Einnig geta nemendur notað leitarorðið galdrar á ströndum en þá kemur t.d. <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=4357> með upplýsingar um galdra á Ströndum og http://www.galdrasyning.is/index.php?option=com_content&view=category&id=17&Itemid=64&lang=is en þar er mikinn fróðleik að finna um galdraheiminn á Ströndum.

6.3 Staðarheiti

- Reykjavík
- Hrútafjörður
- Bitrufjörður
- Kollafjörður
- Steingrímsfjörð
- Hólmavík
- Strandirnar
- Ljósheimar (heimili þeirra í Reykjavík)

Það er gott fyrir kennara að fá hugmynd um þekkingu nemenda sinna og besta leiðin til þess er að ræða við þá í samhengi við það sem tekið er fyrir. Hérna er getur verið gott að byrja á að minnast á Reykjavík, þar sem borgin er innan þekkingarsviðs flestra. Einnig er gott að spyrja nánar, þar sem Reykjavík ein og sér er oft á tíðum talin vera allt það svæði sem telst til höfuðborgarsvæðisins, sérstaklega af nemendum sem ekki eru búsettir þar.

Þegar kennari spyr út í hin staðarheiti er gott að fá nemendur til að greina frá þessum stöðum á korti, ef þeir vita þá hvar þeir eru. Jafnvel er sniðugt að kennari sýni leiðina sem Úrsúla flýgur á korti fyrir framan alla til að gera nemendum grein fyrir því landsvæði sem þegar er búið að koma fram í bókinni. Ásamt því er hægt að rýna betur í lýsingar hennar af landslaginu til dæmis „Hún flýgur yfir sægrænan flóann, lítur til baka og sér borgina fjarlægjast og húsin hverfa í mistrið.“ Kennari getur ásamt nemendum velt uppi hvaða flóa hún talar um í bókinni í samræmi við staðsetningu hennar.

7 Fyrsti kafli - Dagur hinna dauðu

- ❖ Kennari les upp fyrir nemendur.

7.1 Umræður

Strax eftir lestur á fyrstu efnisgrein ræðir kennari við nemendur um Kolfríði og þá staðreynd að hún er sögð norn.

- Hvernig hljómar það í okkar samfélagi að einhver sé norn?
- Hvað er að vera norn? Eru nornir til?
- Hvernig finnst nemendum þessi fyrstu orð koma fyrir þegar þau eru rétt að byrja bókina sjálfa? Hvernig bók er þetta miðað við það sem komið er? Er þetta raunveruleikinn eins og við þekkjum hann? Er þetta fantasía? Hver er munurinn?
- Hvaða aðrar bækur þekkið þið sem eru fantasíur? T.d. *Harry Potter* eftir J.K. Rowling, bækurnar *Óvættaför* eftir Adam Blade, *Rökkurhæðir* eftir Birgittu Elínu Hassel og Mörtu Hlín Magnadóttur og *Draugaslóð* eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttur sama höfund og skrifaði *Strandanornir*.
- Hvaða aðrar bækur þekkið þið sem fjalla um veruleikann eins og hann er? T.d. bækurnar eftir Gunnar Helgason: *Mamma klikk*, *Víti í Vestmannaeyjum* og *Rangstæður í Reykjavík*.

7.2 Umræðuvinna og netið

Kennari leyfir umræðum að opnast um þessi mál og punktar hjá sér skoðanir nemenda upp á töflu. Ef tæknitól eru til staðar í stofunni biður kennari nemendur að kíkja snögg á netið og athuga hvað þeir finni um nornir í samfélaginu sem við lifum í á þessu ári.

Nemendur fá nokkrar mínútur til að skoða þetta og kennarinn sér strax hvort nemendur hafi fundið eitthvað eða ekki og stöðvar leitina í framhaldi af því. Þá fær hann nemendur til að segja sér frá því sem þeir fundu og punktar þær upplýsingar hjá sér og skoðar í samvinnu við nemendur hvort einhver tenging sé milli þeirra eigin skoðana og vangaveltna og þeirra sem komu af netinu.

Kennari minnst á að Kolfríður vill alls ekki að einhver frétti um galdramátt kvennanna í fjölskyldunni.

- Af hverju er það, hvað gæti gerst?

- Hvað myndu þið halda ef þið fréttuð að einhver bekkjarfélagi ykkar gæti galdrað?
- Hvernig haldið þið að samfélagið okkar myndi taka á því?
- Kolfríður segir frá því að galdrakarlar og nornir hafi verið brenndar á báli ef uppgötvast hafi um mátt þeirra áður fyrr, á brennuöld. Myndi fólk trúa því að einhver væri norn?

Kennari hefur umræðu varðandi þá staðreynd að galdramáttur fjölskyldunnar erfist einungis í kvenlegg. Ástæða þess eru óafturkræf álög sem illskeyttur galdramaður hafði sett á fjölskylduna.

- Hvernig finnst ykkur þetta þegar þið hugsið þetta út frá lífi ykkar?
- Eru þessar aðstæður sanngjarnar?
- Jafnrétti kynjanna?

Kennari ræðir um dag hinna dauðu við nemendur og uppákomuna sem á sér stað í veislu Kolfríðar.

- Hafið þið áður heyrt um dag hinna dauðu? (Netið)
- Hafði þið áður heyrt um veisluhöld til heiðurs dánnum ættingjum, vinum og kunningjum?
- Hvað gerist í veislunni? Hver mætir óboðin? Er Kolfríður hrædd við sendinguna? Hvernig losnar hún við hana?

7.3 Netið

Kennari biður nemendur um að athuga hvort þeir finni eitthvað um dag hinna dauðu á netinu. Hann getur bent þeim á að nota leitarorðið „dagur hinna dauðu“ í Google.

- Ef leitað er á íslensku kemur t.d. upp vefsíða þar sem greint er <http://fararheill.is/dagur-hinna-dauðu-i-mexiko/> frá degi hinna dauðu í Mexíkó og hátíðahöldunum sem haldin eru í tilefni af deginum. Einnig er hægt að finna stutt myndband inn á <https://www.youtube.com/watch?v=sSawpU81cl> þar sem hægt er að sjá brot af því hvernig haldið er upp á daginn.

8 Annar kafli - Plastflöskupvottapeysugerðarvélin

- ❖ Nemendur lesa hver fyrir sig í hljóði.

Kennari ræðir við nemendur um efni kaflans með opnum umræðum. Kennarinn ræðir kaflann í heild sinni en getur nýtt sér punktana til að nota í umræðunum.

8.1 Umræður

- Plastflöskupvottapeysugerðarvélin? Hvað er það?
- Víbon húsbíll, 42 ára gamall, sem er jafngamall Marsellíusi, er eitthvað skringilegt við það? Ætli þetta hafi einhverja merkingu í sögunni?
- Er Marsellíus með galdramátt?

Kolfríður er ákveðin að koma með og Marsellíusi kemur það mikið á óvart.

- Hvað dregur Kolfríði með í þetta ferðalag?
- Er hún með eigin óskir um ferðalagið?
- Hver ætli sé tilgangur hennar með ferðalaginu? Hún segist eiga erindi norður á Strandir. Veit hún hver hún er að fara? Hvað ætlar hún eiginlega að gera?
- „Það sem maður ekki veit getur ekki skaðað mann,“ segir Kolfríður við Ástríði þegar Ástríður spyr út í erindi hennar norður. Ætli Kolfríður sé áhyggjufull um að eitthvað slæmt gæti gerst?

9 Þriðji kafli - Ámundi og grátkonan

❖ Kennari byrjar lesturinn og síðan lesa nemendur til skiptis upphátt.

9.1 Umræður

- Ferðalagið að hefjast.
- Hvað ætli Kolfríður sé að tala um þegar hún segist eiga stefnumót við fortíðina?
- Hvernig er andrúmsloftið í bílnum í byrjun ferðarinnar?
- Af hverju eru fyrstu verk Kolfríðar að reyna að verja bílinn fyrir illum öndum? Er hún hrædd?
- Varnarstafur Valdemars? Hvað er það? Er hægt að líkja því við eitthvað í okkar lífi eða eitthvað sem við þekkjum úr öðrum bókmenntum?

9.2 Verkefni

Hérna eiga nemendur að segja frá því hver tilgangur ferðarinnar norður á Strandir sé. Þeir þurfa að setja sig í spor persónu að eigin vali í ferðinni og skrifa út frá hennar sjónarhorni. Nemendur þurfa að skrifa að lágmarki eina blaðsíðu þar sem skrifað er í aðra hvora línu. Þegar allir eru búnir með verkefnið hópar kennari nemendum saman eftir þeim sem skrifuðu um sömu persónuna. Nemendur þurfa að lesa upp sína greinagerð fyrir hópinn; þannig geta þeir séð hvort allir sjái hlutina eins eða ólíkt þegar talað er út frá sömu persónu. Eftir þetta skilar hver nemandi sínu blaði til kennara.

9.3 Staðarheiti

- Vestfirðir
- Laugarvatn
- Singapúr
- Bjarnarfjörður
- Jökulfjörður
- Djúp
- Trékyllisvík
- Norðurfjörður

10 Fjórði kafli - Mögnuð sending

- ❖ Nemendur lesa hver fyrir sig í hljóði eða kennari getur skipt bekknum upp í nokkra hópa þar sem nemendur lesa fyrir hvern annan.

10.1 Umræður

- Af hverju vill Kolfríður endilega kíkja inn á safnið?
- Hvað gerist á safninu?
- Hver bítur Messíönu?
- Hver lá í horninu á minjasafninu? (sendingin/kerlingin)
- Hvernig losar Kolfríður þær við hana?
- Af hverju er Kolfríður svona hrædd um að eitthvað hræðilegt gerist?
- Hvernig opnast bíllinn?
- Jón Glói, hvernig köttur ætli hann sé? Kolfríður hefur miklar mætur á honum, af hverju ætli það sé? Ætli hann tali?

10.2 Staðarheiti

- Borgarnes
- Norðurárdalur
- Baula
- Holtavörðuheiði

10.3 Vísur

Í þessum kafla er tilvalið að vinna með vísur þar sem þær koma oft fyrir í bókinni.

Hérna kemur fyrir vísa úr kaflanum. Kennarinn getur til dæmis skrifað vísuna upp á töflu eða varpað henni upp á töfluna með skjávarpa. Þar er síðan hægt að vinna með hana.

Mín er Strandasýsla sveit,

Sitthvað má þig gruna.

Eftir óralanga leit,

Loks þú ferð að muna.

- Bragarháttur: Ferskeytla.
 - Hvers vegna er þetta ferskeytla? Vegna þess að þetta eru fjórar braglínur af ákveðinni lengd og rímið er í fyrstu og þriðju línu og annarri og fjórðu línu.
- Ljóðstafir:
 - Stuðlar - eru tveir í sömu braglínu.
 - Höfuðstafir - standa alltaf í fyrsta áhersluatkvæði braglínu.

Kennari fær nemendur til að velta fyrir sér vísunni í sambandi við kaflann; hver sé boðskapur hennar. Eftir það fá þau frjálsar hendur til að afla sér upplýsinga um hvers konar vísa þetta er; hvaða bragarháttur þetta er og af hverju?

Kennari getur nýtt sér þetta tækifæri og frætt nemendur um bragfræði ef ekki er búið að fara inn á það og síðan unnið með þessa vísu.

Nemendur geta nýtt sér uppsetningu þessarar vísu og búið til aðrar sambærilegar um efnivið kaflans eða sögunnar í heild. Hérna er hægt að skipta nemendunum upp í litla hópa og láta þá vinna saman að vísnaverð.

Síðan má bjóða nemendum að lesa upp sínar vísur eða jafnvel rappa þær fyrir hópinn.

11 Fimmti kafli - Ástargaldur

- ❖ Skipulagður upplestur.

Kennari skiptir kaflanum upp í jafnmarga hluta og nemendahópurinn samanstendur af. Þá skrifar kennarinn upp á vegg þær aðferðir sem nemendur geta valið úr við lesturinn.

Mikilvægt er að láta hvern nemenda lesa yfir sinn texta áður en upplestur hefst og skemmtilegast fyrir hópin væri ef hver nemandi byrjaði strax í framhaldi af næsta svo úr yrði samfelld frásögn í ólíkum upplestri. Kennari tekur þátt í upplestrinum.

Lestur með leikrænni tjáningu:

Leiklestur: Þar reyna nemendur að setja sig í spor sögupersóna og lesa upp með tilþrifum þar sem hreyfingar og tal getur verið mjög líflegt eða alvarlegt, ávallt í samræmi við textann.

Formlegur/alvarlegur upplestur: Þar sem nemendur eiga að vera alvarlegir við lesturinn. Hægt væri að ímynda sér að þeir væru til dæmis að lesa upp formlegt bréf eða andlátstilkynningar í útvarpinu. Hægt er að finna fleiri formlegar útfærslur á upplestri til dæmis að lesa eins og alþingismaður.

Líflegur upplestur: Þar lesa nemendur upp með því að líkja eftir íþróttافرéttamanni sem er að lýsa leik.

Eftir upplesturinn er sniðugt að ræða við nemendur um upplestur og lesskilning og hvernig þeim hafi liðið sem áheyrendur að hlusta á ólíkar útfærslur, ásamt því að fara í umræður um efni kaflans.

11.1 Umræður

- Hvað finnst systrunum um að Kolfríður amma haldi að þær hafi galdramátt?
- Af hverju heldur Kolfríður að systurnar hafi erft galdramáttinn?
- Hvað gerist á bensínstöðinni?
- Af hverju er Jófríður svona óhamingjusöm?

11.2 Staðarheiti

- Ófeigsfjörður
- Borðeyri

12 Sjötti kafli - Bílsjúki draugurinn-Ennis-Móri

- ❖ Nemendur lesa hver fyrir sig í hljóði.

12.1 Umræður

- Getur kílómetrafjöldi breyst ef farin er sama leið?
- Kannast einhver við að það sé miklu lengra á áfangastað en lagt var upp með?
- Hver er Móri? (Netið)
- Hvað heldur Kolfríður að hafi komið fyrir bílinn? Af hverju bilaði hann?
- Kolfríður sagði Marsellíusi að halda áfram niður Ennishálsinn, af hverju?
- Var Ennis-Móri bara að fá far með þeim?
- Hvarf óþefurinn úr bílnum?
- Hvað gerist þegar óði ökumaðurinn hefur farið fram úr þeim? Hafið þið lent í sambærilegum aðstæðum?
- Marsellíus biður mömmu sína að beita göldrum. Trúir hann því að mamma hans búi yfir galdramætti? Hvað biður hann hana um að gera?
- Hvað er lífsteinn?
- Af hverju svaf Ámundi svona lengi í bílnum?
- Ámundi var viss um að þekkja einhverja á Hólmavík, líklega á „ellihælinu“ eins og hann kallaði það. Síðan benti hann yfir tjaldstæðið og sagðist jafnvel þekkja þessa? Hver var þetta og af hverju varð hann hræddur?
- Kolfríður ýtir á Jófríði að drífa sig með pakkann á pósthúsið. Hvaða pakka er hún að tala um?
- Hvað vekur undrun Jófríðar og systranna á pósthúsinu? Notaði konan á pósthúsinu sömu orð og Kolfríður?

12.2 Netið

1. Nemendur fara inn á netið og skoða hvað sé langt t.d. frá Staðarskála til Hólmavíkur. Spurning um að tveir geri það til að athuga hvort sami kílómetrafjöldi komi fram. T.d. er hægt að nota <https://ja.is/>.

- Ef kennari er með aðstöðu til að varpa upp á skjá í stofunni er tilvalið að gera þetta saman til að nemendur geti allir fylgst með. Það er sniðugt að kynna þessa aðferð fyrir nemendum þar sem auðvelt er að finna nákvæmlega út hversu margir kílómetrar eru á milli staða ásamt því að auðvelt er að sjá hversu langan tíma tekur að keyra þessa vegalengd.
2. Í fyrsta kafla bókarinnar kynntu nemendur sér hvað mórar væru og í þessum kafla kemur fyrir Ennis-Móri. Kennarinn skiptir bekknum upp í tvo hópa og annar hópurinn fær þær leiðbeiningar frá kennara að nota leitarorðið Ennis-Móri til að finna upplýsingar um hann. Hinn hópurinn fær leitarorðið Kampholts-Móri og finnur upplýsingar um hann. Þegar hóparnir eru búnir að leita og skoða vel það sem þeir finna fer kennarinn upp að töflu og útbýr tvo dálka fyrir sinn hvorn drauginn og fær síðan nemendur til að koma fram með upplýsingar sem þeir hafa fundið um draugana. Þannig fá allir þekkingu um báða drauga ásamt því að hægt er að sjá hvort draugarnir eiga eitthvað sameiginlegt.
- Ef notað er leitarorðið Ennis-Móri kemur t.d. upp vefsíðan <http://www.dalabyggd.is/thjonusta/byggdasafn/thjodsogur/solheimamori/> og <http://strandir.is/af-skessum-bofum-og-draugum/> þar sem sagt er frá honum. Ef leitað er eftir Kampholts-Móra kemur t.d. vefsíðan <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=6526> þar sem greint er frá honum.

12.3 Staðarheiti

- Djúpavík
- Ennisháls

13 Sjöundi kafli - Drykkfelda eyðsluklóin Helga

- Kennari les upphátt úr bókinni til að byrja með og nemendur lesa síðan í hljóði það sem eftir er af kaflanum.

13.1 Umræður

- Veit Kolfríður hver draugurinn er?
- Hver er kerlingin/sendingin/draugurinn? Hver er sagan hennar?
- Hver var brenndur á báli? (Netið)
- Af hverju er Jófríður í hressari kantinum?
- Draumar geta verið merkilegir og stundum skringilegir og að túlka drauma getur oft verið erfitt. En hlusta einstaklingar á drauma sína og skipta þeir máli? Hefur ykkur dreymt draum sem hefur fylgt ykkur lengi vel og látið ráða í drauminn? Eða einhver í kringum ykkur?
- Af hverju fór Kolfríður með vísuna?

Ver þú oss,

fyrir voðavörgum,

frá draugum og djöflum

og frá öllum

illum hlutum,

frá eitri og galdri,

öfund og svikum,

fyrir illum orðum

og ógóðu tilliti augnanna.

- Hvers konar vísa var þetta? Hvernig er hún ólík ferskeytlunni?
- Hvað var sendingin að gera?
- Trúir Ástríður ekki dætrum sínum þegar kemur að þessu draugastandi/göldrum?
- Hvað hræddi Messíönu þegar hún labbaði inn á galdrasafnið?
- Hvað er tilberi? (Netið)

- Hefur einhver farið á galdrasafnið á Ströndum? Hvernig var sú upplifun?
- Hvað hrakti sendinguna í burtu af safninu?
- Kolfríður stendur í þeirri meiningu að Jón Glói sé galldramaður sem var upp á 18. öld. Getur það verið? (Netið)
- Kolfríður sendir systurnar heim í tjald en fer sjálf á fund? Með hverjum fundaði hún?
- Kolfríður kemst að því hver hefur sent henni sendinguna.
- Hver var Selkollan? (Netið)
- Hvernig vissi Úrsúla hver Selkollan væri?

13.2 Netið

Upplagt er fyrir kennarann að skipta bekknum upp í hópa þar sem nemendur geta rætt saman um þær upplýsingar sem þeir finna á netinu út frá þeim sem eru í bókinni. Sérstaklega í þessum kafla þar sem mörg netverkefni er að finna.

Einnig er hægt að nota þau sem örverkefni inn í miðjum umræðum til að sækja frekari fróðleik ef ekki gefst tími til hópavinnu.

1. Nemendur leita að upplýsingum um fólk sem brennt var á báli á Íslandi. Hvaða upplýsingar finna þeir og er hægt að tengja þær upplýsingar við þær sem koma fram í bókinni?
 - Kennari bendir nemendum á að nota leitarorðin „fólk brennt á báli“ í Goggle þá kemur t.d. upp vefsíðan <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=5836> og <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=71451> þar sem fjallað er um þessa atburði.
2. Nemendur leita sér upplýsinga um *tilbera*.
 - Kennari bendir nemendum á að nota leitarorðið „tilberi“ í Google, þá kemur t.d. fram vefsíðan http://www.galdrasyning.is/index.php?option=com_content&view=article&id=351%3Asmjoerhnutur-tilberi&catid=18&Itemid=60&lang=is þar sem er upplýsingar að finna og saga inn á <https://www.snerpa.is/net/thjod/tilber.htm>
3. Var til galldramaður á 18. öld sem var kallaður Jón Glói?

- Kennari bendir nemendum á að nota leitarorðið Jón Glói á Google, þá kemur t.d. upp vefsíðan http://www.galdrasyning.is/index.php?option=com_content&view=article&id=134%3Ajon-gloi-vekur-upp-kellingu&catid=31&Itemid=71&lang=is þar sem upplýsingar er að finna.
- 4. Eru einhverjar upplýsingar að finna um Selkolluna?
 - Kennari bendir nemendum á að nota leitarorðið „selkolla“ á Google og þá kemur t.d. upp vefsíðan http://www.galdrasyning.is/index.php?option=com_content&task=view&id=650&Itemid=46&lang=is þar sem sagt er frá Selkollunni. Einnig er að finna myndband á <https://www.youtube.com/watch?v=b-nPGjTESSA> sem gæti verið áhugavert að horfa á.

13.3 Staðarheiti

- Arngerðareyrarskógur

14 Áttundi kafli - Verksmiðjugaldur

- Kennari byrjar lesturinn og síðan lesa nemendur til skiptis upphátt.

14.1 Umræður

- Af hverju verður Messíana hissa þegar pabbi hennar byrjar að spjalla við hana í bílnum?
- Hvað sér Messíana þegar hún horfir á fjallið? Er hún búin að finna galdramáttinn sinn?
- Hvernig ætla systurnar að komast að því hver Freygerður er?
- Fá þær einhverjar upplýsingar frá sögusteininum?
- Vildu Kolfríður og Freygerður giftast sama mannum? Hvernig fór það?
- Kolfríður leggur álög á Freygerði sem þýddu hvað?
- Hvað ætli Freygerður vilji Kolfríði svona mörgum árum seinna?
- Kolfríður viðurkennir fyrir systrunum að hafa verið ung og skapmikil þegar þetta gekk á. Af hverju sneri hún álögunum ekki við?
- Hvað gerist inni í verksmiðjunni?
- Reynir sendingin að slasa Úrsúlu?

14.2 Staðarheiti

- Kaldbakshorn
- Reykjarfjörður

15 Níundi kafli - Veðurgaldur

- Nemendur lesa hver fyrir sig í hljóði.

15.1 Umræður

- Ástríði finnst draumar sínir sérkennilegir? Af hverju?
- Ætli hún finni Finn?
- Messíana segir Valentínusi frá Freygerði. Þegar hann heyrir söguna þá finnur hann til með ömmu sinni. Af hverju?
- Hvernig ætli sé að burðast með svona stóran bagga á sálinni í svona langan tíma?
- Af hverju segir Kolfríður Valentínusi að setja upp húfuna frá sér?
- Allt í einu er orðið mjög hvasst, af hverju ætli það sér? Ætli það séu einhverjir galdrar í loftinu?
- Hver kemur um borð í bílinn þeirra? Og af hverju?
- Af hverju vildi Valentínus ekki koma með ömmu og systrunum í göngutúrinn?
- Að hverju leitaði Kolfríður og fann hún það?
- Af hverju magnaði Freygerður upp veðurgaldurinn?

15.2 Staðarheiti

- Gjögur
- Ingólfsfjörður

16 Tíundi kafli - Helluleppaprijónanornin

- Kennari les upp úr bókinni til að byrja með og nemendur lesa síðan í hljóði það sem eftir er af kaflanum.

16.1 Umræður

- Marsellíus sýnir ferðafélögum sínum hvar hann var í sveit í Trékyllisvík og bendir á reynivið sem stendur einn og sér. Af hverju? Hvað átti reyniviðurinn að gera? Hefur reyniviður galdramátt? Hafið þið heyrt eitthvað þessu líkt um reynivið? (Netið)
- Marsellíus reynir að segja Ástríði meira frá reyniviðnum en hættir, af hverju? Trúir hann innst inni?
- Hver er Kleppa? (Netið)
- Hvað gerðist á minja- og handverkssýningunni? Af hverju var safnvörðurinn svona undrandi?
- Af hverju vildi Kolfríður allt í einu heyra í Ámunda út á sjó? Var hún að reyna að skipta um umræðuefni?
- Hvaða óveður opnar t.d. rennilása á ferðatöskum?
- Freygerður virðist ekki vera ósátt með að hitta Kolfríði, hvernig stendur á því?
- Hverju áttu þið von á þegar þær hittust loksins?
- Af hverju sendi Freygerður sendinguna?
- Hvað er síðan eftir? Eiga þær ekki eftir að losa sig við sendinguna?

16.2 Netið

1. Nemendur leiti eftir frekari upplýsingum um reynivið sem hægt er að nota áfram í umræðum. Hægt er að slá inn leitarorðið „reyniviður töframáttur“ eða „reyniviður hjátrú“.
 - Þegar leitað er á Google eftir þessum leitarorðum kemur t.d. fram grein á <https://www.mbl.is/greinasafn/grein/1085841/> þar sem talað er um reynitréð sem heillatré og rætur þess í þjóðtrú Íslendinga.
 - Einnig er hægt að benda nemendum á að fara inn á www.galdrasýning.is og leita þar í viskubrunninum að reynivið í tengslum við galdra.

2. Nemendur leita að Kleppu, er hún til? Ef nemendur finna t.d. sögur um Kleppu er upplagt að láta nemendur lesa þær upp fyrir hina. Eru upplýsingar sem finna má á netinu í líkingu við efni bókarinnar.

- Þegar leitað er á google eftir leitarorðinu „Kleppa“ koma t.d. upp þjóðsögur um hana á <https://www.snerpa.is/net/thjod/kleppa-1.htm> og <https://www.snerpa.is/net/thjod/kleppa-2.htm> . Einnig er saga og verkefni tengd henni á Skólavefnum.

17 Ellefti kafli - Far niður fýla

- Kennari les upp fyrir nemendur.

17.1 Umræður

- Af hverju vekur Kolfríður systurnar?
- Þær ætla að losa sig við sendinguna? Hvernig ætli þær fari að því?
- Ætli systurnar séu að gera sér grein fyrir því hversu mikið þabbi þeirra viti um líf Kolfríðar?
- Systurnar eru pirraðar út í Freygerði. Af hverju hringdi Freygerður ekki í Kolfríði fyrst hún vildi hitta hana aftur?
- Hvað gerði Freygerður við bátinn hennar Karólínu?
- Hvað gerði Kolfríður við hjól systranna?
- Af hverju réttir Kolfríður systrunum rekaviðarspýtur? Hvað er á þeim?
- Af hverju áttu systurnar að fá gapaldur og ginfaxa? Hvað er það?
- Tókst þeim að kveða kerlinguna í burtu?
- Eru systurnar orðnar alvöru nornir núna?

17.2 Verkefni

Kennari getur notað þetta verkefni sem hluta af lestri kaflans eða sem stakt verkefni eftir lestur hans.

Kennari fær nemendur með sér í lifandi og skemmtilegt örverkefni. Fyrst þarf að búa til pláss í kennslustofunni og útbúa fleti þar sem kerlingin á að liggja á gröf sinni. Kennari dregur nemanda af handahófi. Nemandinn sem er valinn er sendingin/kerlingin, hinir nemendurnir taka þátt í að kveða kerlinguna niður. Kennarinn skiptir síðan hópnum í tvennt; annar hópurinn leikur systurnar og hinn Kolfríði og Freygerði. Hver nemandi skrifar niður vísurnar sem þær nota á blaðsíðu 161-163 á blað og síðan leiðir kennari nemendur í gegnum verknaðinn með því að lesa frá blaðsíðu 161 þar sem allt hefst og þangað til allt er yfirstaðið. Það gæti verið gott að lesa vísurnar einu sinni yfir saman þar sem þetta þarf að verða magnað til að ná að kveða hana í gröfina aftur. Tilgangurinn með þessu er að fá nemendur til að standa upp úr stólunum og hrista af sér slenið. Nemendur þurfa á tilbreytingu að halda og getur svona verkefni ýtt undir gleðina. Jafnvel gera þeir sér grein fyrir álaginu sem nornirnar voru undir.

17.3 Netið

1. Nemendur leita að upplýsingum um draugastafi.
 - Kennari bendir nemendum á að nota leitarorðið „draugastafur“, þá kemur t.d. upp vefsíðan www.galdrasyning.is með upplýsingar.
2. Nemendur leita að upplýsingum um ægishjálmu.
 - Kennari bendir nemendum á að nota leitarorðið „Ægishjálmu“ eða „galdrastafir/galdrarúnir“ á Google en þeir geti líka farið beint inn á vefsíðuna http://www.galdrasyning.is/index.php?option=com_content&view=article&id=350%3Aaegishjalmur&catid=18&Itemid=60&lang=is.

18 Tólfti kafli - Finnur finnst

- Kennari byrjar lesturinn og síðan lesa nemendur til skiptis upphátt.

18.1 Umræður

- Hvað ætli draumur Jófríðar þýði?
- Hvað ætli Valentínus hafi ætlað að gera við blómin sem hann tíndi?
- Hvað reynir Valentínus að gera við Karólínu? Reyndi hann að framkvæma ástargaldur?
- Af hverju hnerrar Karólína svona mikið?
- Af hverju kannast Jófríður við leiðina sem þau keyra?
- Hver kemur og heilsar þeim ríðandi á hvítum hesti?
- Er þetta sami maður og Jófríði dreymdi?
- Systurnar reyna að tala við Karólínu og athuga hvort hún hafi áhuga á Valentínusi? Hverju komast þær að?
- Fannst Karólínu skrítið að heyra að þær væru nornir?
- Hvernig leist Jófríði á Ástríði, nýju vinkonu pabba síns?
- Virkaði galdurinn sem systurnar framkvæmdu?

19 Þrettándi kafli - Magnaðir strandamenn

❖ Kennari byrjar lesturinn og síðan lesa nemendur til skiptis upphátt

19.1 Umræður

- Hvaða æsingur var í Ámunda?
- Hvað gerðist í búðinni? Hvað sáu systurnar?
- Af hverju hefur Valentínus allt í einu áhuga á bátum?
- Göngutúr systranna með Þórkötlunni var áhugaverður. Hvað varð á vegi þeirra um bæinn? Var allt fullt af göldrum í kringum þær?

19.2 Umhugsunarefni

Nú er lestri bókarinnar lokið! Núna getur verið sniðugt að taka léttu umræðu um bókina sjálfa: hvað gerðist í bókinni? Geta þessir hlutir gerst í lífinu? Hvernig þótti nemendum að lesa bókina? Hvaða lærdóm hafa þeir hlotið af lestri hennar?

Hægt er að nota verkefni 2 í beinu framhaldi af lestri bókarinnar.

20 Verkefni

Áður en lestur bókarinnar hefst

20.1 Verkefni 1

Kaflaheiti/fyrirsagnir

Grunnskilyrði þessa verkefnis, er að þetta sé lagt fyrir áður en nemendur kynnst bókinni.

Kennari varpar upp á vegg kaflaheitum bókarinnar; öllum eða einhverjum útvöldum.

Nemendur velja sér eitt kaflaheiti þar sem þeir búa til frétt eða fréttatilkynningu í kringum kaflaheitið sem fyrirsögn.

Mikilvægt er að nemendur viti ekki hvaðan þessar fyrirsagnir koma eða að þær séu kaflaheiti úr bók:

1. Strandaflug
2. Dagur hinna dauðu
3. Plastflöskubvottapeysugerðarvél
4. Ámundi og grátkonan
5. Mögnuð sending
6. Ástargaldur
7. Bílsjúki draugurinn Ennis-Móri
8. Drykkfellda eyðsluklóin Helga
9. Verksmiðjugaldur
10. Veðurgaldur
11. Helluleppaprpjónanornin
12. Far niður fýla
13. Finnur finnst
14. Magnaðir Strandamenn

Nemendur hafa val um útfærslu á skilum á verkefninu. Þeir geta skilað fréttinni á rituðu formi eða tekið sig upp og skilað henni sem myndbandi í samlíkingu við fréttaskot í sjónvarpi.

Eftir að lestri og vinnu við bókina lýkur er áhugavert að láta nemendur rýna í þessi verkefni frá sér og skoða þau í samhengi við kaflaheiti í bókinni og hvernig þeirra fréttir eru í samburði við innihald bókarinnar og jafnvel hvern kafla.

20.2 Aukaverkefni 1

Eftir lestur bókarinnar

Umræður

- Hvað ertu búin að læra af lestri bókarinnar?
- Sérðu sjálfan þig lenda í svipuðum aðstæðum og gerast í bókinni?

Hver nemandi útbýr sína útfærslu af hugarkorti en reynir að taka mið af þessum punktum við gerð þeirra. Hver nemandi má gera nokkur ef þeir velja það.

- Hvernig bók/saga er þetta?
- Hverjar eru aðalpersónurnar?
- Hvert er sögusviðið?
- Hvenær gerist sagan?
- Hver er boðskapur sögunnar?
- Hvað er ég búin að læra?
- Hvað fannst mér áhugavert?

Kennarinn getur boðið nemendum að útbúa hugarkort sín sem veggspjald eða vinna það í tölvu og nýta sér jafnvel möguleika netsins en þar er hægt að finna margar útfærslur til að vinna með. Nemendur hengja síðan upp hugarkort sín í stofunni þannig að allir geti skoðað verk annarra.

20.3 Aukaverkefni 2

Persónur úr sögunni

Nemendur vinna saman í pörum, Kennari lætur nemendur draga persónur til að vinna út frá og öll pörin vinna með ólíka einstaklinga. Þegar allir eru komir með persónur lætur kennari þau draga aftur en þá fá nemendur upp þær aðstæður sem á að vinna út frá með hverja persónu. Þessar aðstæður geta verið ólíkar hjá sumum en eins hjá öðrum. Þetta er gert til að auka á fjölbreytileikann þannig að enginn sé að vinna að nákvæmlega sama verkefni.

Möguleikar sem til dæmis er hægt að draga:

- Kolfríður í því hlutverki í bókinni sem hún er, án þess að vera norn. Eða Kolfríður í því hlutverki sem hún er í bókinni.
- Úrsúla eins og hún er í bókinni eða Úrsúla ef hún væri kominn með fullan galdramátt eða jafnvel ef hún væri orðinn sextán ára og galdramátturinn hefði algjörlega hoppað yfir hana.
- Marsellíus eins og hann kemur fyrir í bókinni eða ef hann væri undantekningin í fjölskyldunni og hann hefði hlotið galdramátt.

Kennari getur leikið sér eins og hann vill með persónur og aðstæður.

Verkefnið felur í sér að segja frá viðburði í sögunni að eigin vali út frá sjónarhorni þeirrar persónu sem hvert par fékk úthlutað í þeim aðstæðum sem liggja fyrir.

- Punkta hjá sér bæði beinar og óbeinar persónulýsingar.
- Ef þið fenguð þær aðstæður að persónan ykkar er eitthvað breytt frá sinni upprunalegu mynd úr bókinni þá þurfið þið að setja niður upplýsingar um hana út frá því.
- Fylgja því söguviði og umhverfi sem er í bókinni.

Skil fara fram með kynningu fyrir bekkinn. Þeir sem velja að skila á skriflegu formi þurfa að minnsta kosti að kynna hvaða persónu þeir fjölluðu um, hverjar voru hennar aðstæður og hvernig þeir unnu verkefnið.

Nemendur hafa frjálssar hendur með útfærslu á efninu, til dæmis sem stuttmynd, viðtalsþátt, fréttaskýringaþátt, glærusýningu, veggspjald, ritgerð, dagbókarfærslu, frétt og svo framvegis. Hverju verkefni þarf að fylgja munnleg kynning nema verkefnið tali sínu máli sjálf.

Nemendur fá einungis þrjár kennslustundir til að vinna verkefnið og þurfa því að vera skipulagðir.

20.4 Aukaverkefni 3

Galdrastafir – galdrarúnir

Hver nemandi fær úthlutað einum til tveimur galdrastöfum og á að leita sér allra upplýsinga um þá, nota til dæmis netið og bókasafnið.

Skil verkefnisins eru kynning á galdrastaf eða stöfum fyrir framan bekkinn.

Þarna reyna nemendur á sig sjálfir. Kennari reynir að vera sem mest til hliðar en aðstoðar ef óskað er eftir.

20.5 Aukaverkefni 4

Höfuðið í bleyti!

Örverkefni þar sem nemendur fá 20 mínútur til að framfylgja þeirri verkefnalýsingu sem kennari leggur fyrir.

- Skrifa bréf frá Jófríði til Finns (fyrirverandi eiginmanns) ástarbréf/ skilnaðarbréf/ reiðibréf.
- Skrifa dagbókarfærslu persónu að eigin vali úr sögunni.
- Hver nemandi útbýr hugarkort þar sem unnið er með staðarheiti úr bókinni og hvaða tengsl þeir hafa við staðina.

Þessi verkefni getur kennarinn leikið sér með. Til dæmis hægt að láta marga gera sama hlutinn og bera síðan saman og lesa upp fyrir bekkinn þannig að nemendur sjái hvernig ein persóna getur haft ólík áhrif á einstaklinga.